

Nd.

554. Nefndarálit

um frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að málið nái fram að ganga. Tveir nefndarmenn (H. K. og M. G.) tóku ekki þátt í meðferð málsins og hafa því óbundin atkvæði um það.

Nefndin vill þó gera á frumvarpinu svofelda

BREYTINGU:

Við 1. gr. 2. málsgrein. Á eftir orðunum »kauptún, sem er sjerstakt hreppsfjela», komi: eða hreppur, sem hefir yfir 400 íbúa.

Alþingi, 6 maí 1929.

Gunnar Sigurðsson,
form.

Hjediinn Valdimarsson,
fundaskr. og frsm.

Magnús Torfason.